

Skólaráðsfundur

26. febrúar 2026 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi kennara, Kristín Eva Harðardóttir fulltrúi foreldra, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Emelía Ósk Ragnarsdóttir fulltrúi nemenda.

1. Skóladagatal næsta skólaárs

Skóladagatal næsta skólaárs kynnt. Farið fyrir skilgreinda daga og viðburði. Dagatal verður birt á heimasíðu Stóru-Vogaskóla von bráðar.

2. Matsferill – niðurstöður lesfimi

Farið yfir nýja framsetningu á niðurstöðum lesfimiþrófa í Matsferli. Niðurstöður Stóru-Vogaskóla bornar saman við landsmeðaltal. Rætt um ný stöðu- og framvindupróf sem verða lögð fyrir 4., 6. og 9. bekk. Um er að ræða próf í stærðfræði og lesskilningi. Niðurstöður munu birtast í Matsferli.

3. Líðankannanir

Gróf yfirferð á niðurstöðum Íslensku Æskulýðsrannsóknarinnar. Einstök mál rædd og velt upp hvað veldur. Verður unnið frekar með niðurstöður í forvarnarteymi á vegum sveitarfélagsins. Niðurstöður á líðan ungmenna er orðin það afgerandi að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða.

4. Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs

Starfsþróunarviðtöl starfsmanna standa yfir. Í framhaldi hefst stundatöflugerð. Húsnæðismál eru ofarlega á baugi í stækkandi samfélagi og verður lögð áhersla á ráðningu fagmenntaðra kennara. Einnig er lögð rík áhersla á að geta mætt ólíkum þörfum nemenda.

5. Önnur mál

- Leyfismál nemenda rædd. Það er skólaskylda í landinu en engin viðurlög við fjarverum nemenda. Skólinn vinnur með skólasóknarverklag sem er ákveðin aðgerðaráætlun gagnvart skólasóknarvanda nemenda.
- Umferðaröryggismál rædd. Aðgerðarleysi varðandi öryggi nemenda í umferðinni gagnvart yngstu íbúum sveitarfélagsins og nemendum Ítrekað rætt á fundum Skólaráðs. Bílaumferð við skólann þyngist með hverju árinu sem líður sem og hraði innan þéttbýlismarka.

Fundi slitið kl. 9:40

Fundarstjórn og fundarritun: Hilmar Egill